Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks íslands/Marxista-Lenínista

STÉTTABARÁTTAN VIKUBLAÐ. MÁLSVARI VERKAFÓLKS!

Ársáskrift .... 3000kr.
Hálfsársáskrift........ 1800kr.
Ársfjórðungsáskrift.... 1000kr.
Baráttuáskrift (gildir fyrir heilt ár).......... 5000kr.

29. tölublað Þriðjudaginn 30. ágúst. 6. árgangur Verð kr. 60.

Hundruð verkakvenna atvinnulausar

Frystihúsaeigendur á svæðinu frá Höfn í Hornafirði að Patreksfirði bera sig nú illa yfir afkomu fyrirtækja sinna. Hafa eigendur margra frystihúsanna nú sagt upp öllu starfsfólki frá og með 29. ágúst n.k. og aðrir komið með hótanir um lokun. Auk þess myndi slík stöðvun atvinnurekstursins í landi óhjákvæmilega stöðva báta- og togaraflotann að mestu þannig að um er að ræða atvinnuöryggi þúsunda verkafólks.


Eigendur frystihúsanna hafa borið því við að allur framleiðslukostnaður hafi aukist svo mikið að rekstur húsanna borgi sig ekki lengur. Koma þeir fram með kröfur um að ríkisvaldið grípi inn í og leysi "vandamál þeirra". Enn er þó ekki ljóst hvaða aðgerðir það eru sem þeir vilja að gripið verði til.

Atvinnuöryggi verkafólks

Sú aðferð atvinnurekenda að beita hótunum um víðtækt atvinnuleysi, til að þrýsta á um fyrirgreiðslur af hendi ríkisvaldsins, sýnir glöggt hver staða verkafólksins er gagnvart þessum herrum. Kröfur þeirra fela eingöngu í sér að raunlaun verkalýðsins í landinu verði skert með valdboði.

Þannig er ljóst að þótt því sé hampað á tyllidögum að allir þeir sem sjávarútveg stunda sitji við sama borð og hafi sameiginlega hagsmuni, kemur annað í ljós þegar á herðir. Atvinnurekendur þola einga skerðingu á gróða sínum. Strax og þeir telja að of nærri sér hafi verið gengið hika þeir ekki við að hóta stöðvun, annað hvort tímabundinni eða algerri. Þá er ekkert skeytt um verkafólkið sem skapar gróða auðmannanna með vinnu sinni, því er vísað á dyr í lengri eða skemmri tíma ef það þjónar gróðahagsmunum atvinnurekandans.

Mikill meirihluti þeirra sem starfa í frystihúsum og sem verða verst fyrir barðinu á uppsögnunum eru konur. Þær þurfa að gjalda þeirrar tvöföldu kúgunar sem viðgengst á konum í auðvaldsþjóðfélaginu og eru yfirleitt notaðar sem varavinnuafl. Vinnuafl sem auðvaldið getur sent heim er því sýnist svo, en krafist af nær ótakmarkaðrar yfirvinnu þegar "bjarga þarf verðmætum Jafnvel þótt náðst hafi fram mikilvægur áfangi með kauptryggingunni í frystihúsunum skortir þó mikið á að atvinna þeirra sé tryggð, eins og gleggst kemur fram í slíkum fjöldauppsögnum. Trúir þeirri stefnu sinni að konur séu varavinnuafl hafa sumir frystihúsaeigendur meira að segja gengið svo langt að segja konunum upp , en um leið látið þau orð falla að þeir muni vissulega hóa í þær aftur strax og "reytingsafli bærist í húsin". Þá fengju þær greitt vikukaup þótt vinnan yrði ef til vill aðeins einn eða tveir dagar. Á þennan hátt reyna frystihúsaeigendur að tryggja sér vinnuaflið og koma í veg fyrir að konurnar leiti sér að vinnu annars staðar.





Stöðvun frystihúsanna þýðir líka stöðvun fiskiflotans

Einokunarhringarnir og verkalýðsfélögin

Svo virðist sem viðbrögð verkalýðsfélaga við uppsögnum þessum séu harla lítil. Þó er augljóst að aðgerð frystihúsaeigenda er þrautskipulögð árás á verkalýðinn, og því nauðsynlegt að þau svari af fyllstu hörku. Því það er ekki svo að þessi atvinnurekstur sé í raun og veru að rúlla og því verði að skerða hlut verkafólks. Eitt lítið en skýrt dæmi um hið gagnstæða eru orð framkvæmdastjóra Meitilsins í Þorlákshöfn (sem hefur um 150 manns í vinnu). Hann lét hafa eftir sér að það væri bara gjörsamlega enginn rekstrargrundvöllur fyrir frystihúsin, þeir hafi t.d. aðeins rétt marið það að greiða fólkinu launin um helgina. Á sama tíma og framkvæmdastjórinn mælir þessi spöku orð stendur

framhald á baksíðu

Samningar BSRB

Vegna samninga BSRB við ríkisvaldið náði Stéttabaráttan tali af Baldri Kristjánssyni starfsmanni BSRB.

STB.: Hvernig eru kjör opinberra starfsmanna miðað við aðra starfshópa í þjóðfélaginu

BK.: Þau eru ekki góð. Í því sambandi er hollt að gera sér grein fyrir því að allt til ársins 1962 voru launin ákveðin með lögum. Það var ekki fyrr en 1976 sem BSRB fékk verkfallsrétt, þannig að í dag göngum við til samninga sem jafn rétthár aðilar. Í sambandi við kjörin er ástandið þannig að lægstu flokkarnir eruSambærilegir við lægstu laun á hinum svokallaða frjálsa markaði. Þetta er tiltölulega fámennur hópur. Allur miðhluti launastigans sem flestir fá borgað eftir er lægri en gerist og gengur í þjóðfélaginu. í heild.

STB.: En hvað með þá sem eru í efstu þrepunum, eiga þeir samleið með hinum?

BK.: Okkar fólk liggur að meginþorra uppundir 16-17 launaflokk. 86 % félagsmanna eru í 6. til 20. launaflokki. Þeir sem eru yfir 20 launaflokk eru það lítill hluti að þeirra gætir lítið. Í BSRB eru 13000 manns.

STB.: Verður samið upp á það sama og ASÍ náði fram ?

BK.: Það er erfitt að segja til um það, því samningar eru stutt á veg komnir. En það sem við höfum fengið hljóðar upp á 7,5% kauphækkun frá síðustu samingum að vísu kallar ríkið það 19,33% hækkun en sú tala er blekking þar sem inn í henni er vísitöluhækkun frá 1. júní og 4% kauphækkun frá síðasta samingi.

STB: Verður lagt út í verkföll til að ná fram sömu hækkun og A S Í. ?

BK: Það er mín afstaða að ef ríkisvaldið tekur ekki hressilega við sér eigi BSRB ekki annara kosta völ en fara í allsherjarverkfall mjög fljótlega.

STB: Hverning er tengslum við félagsmenn haldið. ?

BK.: Gefum út 2 blöð, Ásgarð sem sendur er til hver einasta félagsmanns ársfjórðungslega og fréttabréfið Huga sem sendur er öllum trúnaðarmönnum og ætlast er til að þeir hengji upp á vinnustöðum Það kemur ut eftir þorfum og hafa 2. eintök komið út síðan samingar höfust. Margir fundir hafa verið haldnir t. d. héldum við fundi út um allt land þegar kröfugerðin var kynnt og svo verður einnig ef til verkfallsboðunar kemur , ef við boðum verkfall er sáttasemjari skyldugur að leggja fram sáttatillögu og um hana skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla.



Gerist áskifendur

LEIÐARI:

Hættan á stríði

Nú um síðustu helgi var haldin NATO-ráðstefna á vegum félagsskapar áhugamanna um samvinnu Atlantshafsríkja. Þessa ráðstefnu sátu fjölmargir hernaðarspekúlantar NATO og þeirra á meðal voru mættir tveir íslenskir ráðherrar. Þeir Geir Hallgrímsson forsætisráðherra og Einar Ágústsson utanríkisráðherra, auk annara íslenskra NATO sinna úr Sjálfstæðisflokknum, Framsóknarflokknum og Alþýðuflokknum. Meðal þeirra sem héldu ræður á ráðstefnu þessari var Geir Hallgrímsson forsætisráðherra, en hann sagði meðal annars "að einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu væri aðildin að NATO" hvorki meira né minna. Af þessum ummælum forsætisráðherra verður ekki lesið annað en stuðning við það vígbúnaðarkapphlaup, sem er megin einkennið á stefnu NATO í dag og jafnframt stuðningur við ummæli Joseph Luns um nifteindasprengjuna. Joseph Luns framkvæmdastjóri NATO sagði í ræðu á ráðstefnunni að þessi banvæna nifteindasprengja væri kjarnorkuher NATO ríkja nauðsynleg. Hún veldur litlu eignatjóni, en drepur allt fólk á því svæði þar sem hún springur. Stuðningur íslensku ráðherranna við stefnu NATO í þessu máli er ekkert annað en stuðningur við það kjarnorkustríð sem risaveldin eru nú að undirbúa. Áður gátu risaveldin ekki notfært sér kjarnorkuvopn í hernaði vegna þess eyðileggingarmáttar sem kjarnorkusprengja hafði og þess geislavirka úrfellis sem af henni stafar. Með tilkomu þessarar nýju sprengju hefur þeim hindrunum verið hrundið úr vegi og hættan á kjarnorkustríði fer nú aftur vaxandi í heiminum. Í stað þess að mótmæla vígbúnaðarkapphlaupinu og stríðsundirbúningi risaveldanna telja íslensku ráðherrarnir það "hornstein íslenskrar utanríkisstefnu" og veru Íslands í NATO nauðsynlega til að þjóna þessum sjónarmiðum. Íslenskri alþýðu er því ljóst hvert stefnir með áframhaldandi veru okkar í NATO. Ísland yrði einskonar virki fyrir Bandaríkin ef til kjarnorkustríðs kæmi, með fullu samþykki íslenskra stjórnvalda og ráðamanna. Ísland á að verða liður í varnarkeðju Bandaríkjanna í stríði þar sem ekki verður skirrst við að nota hina nýju nifteindasprengju. Því að mannvirki munu jú standa óhögguð eftir slíka styrjöld og tilbúin til afnota fyrir sigurvegarann. Stuðningur íslensku ráðherranna við þessa stefnu NATO og Bandaríkjanna er ekkert annað en takmarkalaus þjónkun við heimsvaldastefnuna og stríðs undirbúning risaveldanna. Í dag sjáum við hvað þær afvopnunarráðstefnur sem haldnar hafa verið eru mikil sjónarspil. Þær voru eingöngu notaðar til að blekkja og hylja yfir það vígbúnaðarkapphlaup, sem fram fór meðan þær stóðu yfir. Auðvaldsheimurinn býr sig undir stríð og allar líkur eru á því að Ísland muni ekki fara varhluta af þeim átökum, ekki síst hafa líkur þess aukist eftir að það hefur komið í ljós að á Íslandi eru kjarnorkuvopn og ef til kjarnorkustríðs kemur verður Ísland einn af vígvöllum slíks stríðs. Framleiðsla og stuðningur við framleiðslu nifteindasprengjunnar er bein ógnun við íslensku þjóðina og raunar alþýðu alls heimsins. Íslandi stendur í dag bein ógnun af veru sinni i NATO og eftir að það er nú upplýst að hér eru geymd kjarnorkuvopn, hefur þessi hætta enn aukist. Það er því skýlaus krafa okkar að Ísland segi sig úr NATO og fordæmi hið aukna vígbúnaðarkapphlaup stórveldanna og smíði gjöreyðingarvopna á borð við nifteindasprengjuna. Hættan á stríði vex nú mjög hratt í heiminum og hagsmunum Íslands verður best fyrir komið utan við þau átök. Hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu getur aldrei verið að Ísland verði skotmark í komandi heimsstyrjöld, nema í munni stuðningsmanna heimsvaldastefnunnar.

Rauða Stjarnan
Bókabúð

Selur bókmenntir verkalýðsstéttarinnar.
Opin á virkum dögum kl. 15-18.30. Föstud til 19.



ÚR BARÁTTUNNI

Eftir að sveitarfélögin tóku að miklum hluta á sig kostnað af rekstri skólastofnana svo sem iðnskóla og menntskóla, sem áður voru reknar af ríkinu, hefur markvisst verið unnið að því að gera utanbæjarnemendum það ókleift að stunda nám í viðkomandi skólum hér í Reykjavík. Nýlega tóku gildi reglur sem gera heimabæ eða sveit námsmanns meðlagaskyld um tugþúsundir ef námsmaður hyggst stunda nám í slíkum skóla í Reykjavík. Gildir þá einu þótt engir samsvarandi skólar séu fyrir hendi í heimabyggð námsmanns. Námsvist er þá háð því hvort heimasveitin er reiðubúin til að kosta viðkomandi til náms.

Við núverandi ástand í skólamálum eiga slíkar reglur engan rétt á sér. Þær auka einungis við það ójafnrétti sem þegar ríkir. Meðan ríkisvaldið sá um rekstur og nýbyggingu skólahúsnæðis var fullkomnustu skólunum með hæfasta starfsliðinu yfirleitt valinn staður í Reykjavík. Úti um landsbyggðina er ástandið þannig, eins og allir vita, að mikill skortur hefur verið á kennurum þar. Eru oftlega tíð skipti á starfsliði skólanna og mikill hluti eru réttindalausir kennarar, sem aðeins kenna eitt ár í senn. Skólar úti á landi standa yfirleitt skemur, en á höfuðborgarsvæðinu (þ.e. 8 mánuði í stað 9). Undirbúningur sá sem nemendur fá. er þar af leiðandi oftast lakari en í Reykjavík. Þar sem foreldrar verða að senda börn sín að heiman til framhaldsnáms, er það mjög stór kostnaðarliður fyrir fjölskyldurnar.

Það kemur því úr hörðustu átt að enn skuli eiga að draga úr möguleikum þessa hóps nemenda til framhaldsnáms og sérmenntunar, á meðan stjórnarherrarnir skreyta sig sífellt með byggðastefnu og jafnvægi í byggð landsins. Sínu réttara væri að þessi hópur yrði styrktur sérstaklega og honum sköpuð aðstaða til jafns við aðra nemendur.

Þau ákvæði að nemendur skuli þurfa að leita ásjár sveitafélaga sinna um skólastyrk, en sitja heima ella, verður helst jafnað við tíma fátæktarlaganna, þar sem fólk var miskunnarlaust sent landshluta á milli í fæðingarsveit sína, þegar ekki var hægt að þræla því út lengur. Þessvegna verður að berjast hart gegn þessum ákvæðum og krefjast þess að staðið verði við loforðin um jafnrétti til náms óháð búsetu og efnahag.

Kím fundurinn

Þann 18. ágúst síðastliðinn hélt Kínversk-Íslenska Menningarfélagið skuggamyndasýningu. Fékk KÍM Ragnar Baldursson sem nú hefur stundað nám í Alþýðulýðveldinu Kína um tveggja ára skeið til að sýna litskuggamyndir sem hann hafði tekið í Kína.

Fundurinn tókst með ágætum. Voru myndirnar hinar fróðlegustu og sýndu þær marga mismunandi þætti kínversks þjóðlífs, verkafólk og bændur við vinnu, skemmtanir, listaiðkan, pólitíska stórfundi o.s.frv.. Einnig sýndi Ragnar nokkrar landslagsmyndir frá Kína.

Á fundinn sem var vel sóttur komu einnig tveir aðrir íslenskir nemendur sem stunda nám í Kína, þau Tryggvi Harðarson og Ásta Kristjánsdóttir.

Eini valkosturinn til vinstri

framhald af baksíðu

er lögreglu ríkisstjórna sem þessir flokkar eru í beitt gegn verkalýðnum í hagsmunabaráttunni. En nóg um það, áfram segir í forystugreininni: "Allir íslenskir sósíalistar, allir þeir sem aðhyllast hugsjónir jafnaðarstefnunnar og berjast vilja á grundvelli róttækrar félagshyggju gegn auðdrottnun í íslensku þjóðfélagi eiga stórt verkefni fyrir höndum. Þetta verkefni er að efla á vinstri væng íslenskra stjórnmála pólitísk samtök sem kjósendur veiti styrk til a.m.k. sama áhrifavalds í stjórnmálum og best gerist um verkalýðsflokka í öðrum ríkjum Vestur-Evrópu".

Þar höfum við það. Alþýðubandalagið verður að komast til meiri áhrifa til að það geti leikið jafngott þjónshlutverk við auðvaldið og við best þekkjum hjá hinum stóru Vesturevrópuflokkum sem kenna sig við Evrópukommúnisma og sósíaldemókratisma. Takmarkið er ekki eins og skýrt kemur fram í stefnuskrá Alþýðubandalagsins að mölva auðvaldsskipulagið á Íslandi og koma á sósíalísku þjóðfélagi, heldur að vinna að lagfæringu á verstu meinsemdum sem hagkerfi auðvaldsins getur af sér. Semsagt ekki að höggva að rótum meinsins ein og flokkar marxista-lenínista vinna að með byltingarbaráttu sinni. Alþýðubandalagið er því enginn valkostur fyrir vinnandi fólk sem byggja vill upp það afl sem framkvæmir í rás tímans sósíalíska byltingu og leysir þannig vandamál fjöldans, heldur aðeins einn þeirra pólitísku flokka sem nú sitja á alþingi og gegna því hlutverki að vera hækjur fyrir íslenska auðmenn, ríkisvald þeirra og arðránsþjóðfélag.

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357, 121R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15. Opin mánud.-föstud. 15-18.30.
Hornafjörður: Skúli Waldorf Silfurbraut 2.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvalds Reykjavíkurvegi 24.
Akureyri: Jón Atli Játvarðsson Hafnarstræti 23.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10, Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðastræti 7.
Neskaupsstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.



...í Stuttu máli

KREPPUÁSTAND AUÐVALDSINS.

Nú þessar vikurnar eru margir og válegir atburðir að gerast út í hinum stóra heimi. Rússar eru að hefja sitt Vietnam í Afríku, með tilraunum sínum til að tryggja sovésk ítök í Eþíópíu. Þegar þessir atburðir eru að gerast heyrist ekkert lengur frá þeim sem töldu afskipti Sovétríkjanna af málefnum Angóla aðeins tilraun til að hjálpa smáþjóð til að öðlast sjálfstæði. Þessir síðustu atburðir í Afríku hafa rækilega sannað það sem Stéttabaráttan sagði um áætlanir Sovétríkjanna og heimsvaldastefnu þeirra. Í dag eru raddir til stuðnings aðgerðum þessa valdagráðuga risaveldis því hjáróma og allir þeir sem styðja baráttu smáþjóða fyrir frelsi og fullveldi fordæma nú auðsæja drottnunar og kúgunarstefnu Sovétríkjanna.

En það er ekki bara í austri sem fréttir berast um óhugnarlegt eðli og aðgerðir heimsvaldastefnunnar. Bandaríkin hafa orðið uppvís að því að hafa notað alþjóðlega leynilögreglu sína CIA til ýmissa myrkraverka til að berjast gegn hinum alþjóðlega kommúnisma. Það kom meðal annars í ljós að CIA hefur gert tilraunir á lifandi fólki með ofskynjunarlyf án vitundar þess. Þetta hefur í sumum tilvikum leitt til dauða fórnarlambanna og að minnsta kosti í tveimur tilvikum voru þetta venjulegir borgarar, sem ekki vissu að verið væri að gera á þeim slíkar tilraunir. Það eru ekki bara myrkraverk CIA og bandarísku ríkisstjórnarinnar sem eru aðal fréttir í bandarískum blöðum þessa dagana. Nýlega flettu blöðin ofan af því að eftir að skylduherkvaðning var afnumin hefði herinn dregist mun meir saman en opinberar tölur segðu til um. T.d. hefur komið í ljós að sú herstöð sem hefur fengið flesta sjálfboðaliðana samkvæmt opinberum tölum, hefur búið til meir en 20% af umsóknunum og nú heimta blöðin opinbera rannsókn á því hve margir séu raunverulega í hernum. Eins eru efnahagsmálin mikið til umræðu og nýlega upplýstu efnahagssérfræðingar Herald Tribune það að ekkert útlit væri fyrir betra ástand í efnahagslífi vesturálfu næstu 20 árin að minnsta kosti. Þeir sögðu að útlitið hefði aldrei verið eins slæmt og ekki væri útlit fyrir annað en aukið atvinnuleysi og dýpri kreppu. Þeir sögðu einnig að í æ ríkari mæli hefðu Bandaríkin reynt að leysa vandamál framleiðslunnar með aukinni framleiðslu vígvéla og útlit væri fyrir aukið vígbúnaðarkapphlaup milli vesturs og austurs.

10.000 MÖRK DAUÐUR EÐA LIFANDI

Þær fréttir berast nú frá Þýskalandi að glæpaflokkur kvenna hafi orðið bankastjóra nokkrum að bana. Nánar tiltekið þá áttu konur þessar að hafa drepið bankastjóra að nafni Jürgen Ponto á heimili hans. Blöðin hér heima smjatta nú á þessum fréttum en þegja hinsvegar um að nú berast þær fréttir að meir en 20 vitni bera það að þau hafi

FRAMMHALD Á SÍÐU 5.

Lifi frjálst Grænland

Aussivík þýðir sumaraðsetur. Í veiði- og fiskimannaþjóðfélaginu þróaðist Aussivik í það að verða vettvangur til umræðu og lausnar á sameiginlegum vandamálum. Þessi gamla grænlenska hefð var tekin upp aftur í fyrsta sinn árið 1976. Grænlendingar alls staðar að úr landinu einkum ungt fólk, hittust og ræddu vandamál Kalatdlit Nunat (Grænlands). samþykktum Aussivik - 76 er beint gegn dönsku nýlendukúguninni og þar er sett fram krafan um sjálfstætt Kalatdlit Nunat.

K´utdligssat: Tákn um arðrán og kúgun heimsvaldastefnunnar

Á Aussivik -76 var ákveðið að mótið 1977 skyldi fara fram í námubænum K´utdligssat sem lagður hefur verið niður. Bærinn stendur á eynni K´ekertarssuak(Disko), norðarlega á vesturströnd Grænlands Var mótinu valin þessi staður m.a. til að mótmæla nýlendupólitíkinni. Á þriðja áratugnum var K´utdligssat þýðingarmikill kolanámubær með um 15oo íbúa Var hann þá einn af stærstu bæjum Grænlands og sá öllu landinu fyrir kolum. En 1972 var bænum lokað af danska ríkisvaldinu og íbúunum skipað að flytja burt. Voru þeir hraktir inn í nútíma fátækrahverfi og atvinnuleysi í bæjunum Godthåb og Jakobshöfn. Danskur trésmíðameistari keypti síðan bæinn fyrir 65. þús. danskar kr. (um það bil 2. millj isl kr.) Gróðinn að námunum var ekki nógu mikil, var sagt en nær sanni var að olíuauðhringarnir óskuðu ekki eftir samkeppni við ódýr kol á Grænlandsmarkaði.

Til K´utdligssat má einnig rekja rætur grænlenskrar verkalýðshreyfingar. Þar voru fyrstu grænlensku fagfélögin mynduð og þar unnu einnig fyrstu grænlensku kommúnistarnir. Fyrstu lærdómarnir um nauðsyn á skipulagðri baráttu verkalýðsins gegn aðgerðum heimsvaldastefnunnar voru dregnir í Kutdligssat. Aussivik - 77 átti að þróa áfram þessa reynslu.

Aussivik-77: Spor framávið í barattunni gegn heimsvaldastefnunni.

Aussivik-77 sýndi að andstaðan gegn arðráni og kúgun heimsvaldastefnunnar fer vaxandi. og Aussivik-77 styrkti einnig mjög þá andstöðuhreyfingu. Aðalefni hinnar átta daga löngu dagskrár voru: Saga grænlenskrar alþýðu fram til dagsins í dag, ástandið í Kaladlit Nunat í dag og sambandið við Danmörku, heimsástandið og nánustu verkefni framsækinna afla í Kaladlit Nunat.

Auk pólítískrar umræðu var lögð áheyrsla á að kynna hefðbundna grænlenska menningu. Listiðnaðarmenn með hefðbundna list sýndu verk sín og vinnubrögð. Og þar var m.a. kennsla í trommudansi og kajakróðri. Hópur af fyrr verandi íbúum Kutdligssat sögðu frá lífinu og baráttunni í bænum, frá nauðungarflutningunum og frá aðstæðum sínum í dag. Allt þetta var um leið mikilvægur liður til skilnings á bakgrunninum fyrir núverandi aðstæðum grænlenskrar alþýðu.

Samþykktir Aussivik -77.

Helsta pólitíska niðurstaðan af Aussivik -77 er samþykkt mótsins sem birt er hér annars staðar í greininni. Samþykkt þessi á að verða grundvöllur fyrirstofnun Inuit AtaKatigit hópa nokkurs konar alþýðuhreyfingar, meðfram endilangri strönd Kalatdlit Nunats. Samþykktin á einnig að verða pólitískur grundvöllur fyrir samstarfi þessara hópa. Í samþykktinni felst að Þátttakendurnir frá hinum ýmsu bæjum meðfram ströndinni líta nú á það sem höfuðverkefni sitt að skipuleggja baráttuna á hverjum stað, sem hluta af heildar hreyfingu á þeim grundvelli sem samþykktin leggur upp. Þess er vænst að sem flestir þátttakendur í Aussivik-77 hefji þetta starf strax og þeir snúa heim.

Í mikilvægum atriðum er samþykktin andheimsvaldasinnuð og markar því upphaf þjóðlegrar sjálfstæðisbaráttu. Margar spurningar eru að vísu óleystar áður en pólitískur heildargrundvöllur hefur skapast fyrir slíka hreyfingu. Nauðsynin á þjóðlegri vopnaðri byltingu sem hefur að baki sér víðtæka stuðningshreyfingu, nauðsyn á afstöðu til risaveldanna og EBE, skilningurinn á sambandinu milli hinnar þjóðlegu baráttu og baráttunni fyrir sósíalisma og skilningur á samstöðu þessarrar þjóðar með þriðja heiminum og nauðsynin á að hafna hugmynd um um"heimastjórn" sem afturhaldspólitík, sem aðeins mun þýða "grænlandiseringu" á nýlendustefnu dana. Allt eru þetta spurningar sem hin nýstofnaða hreyfing hefur enn ekki tekið afstöðu til. En þrátt fyrir það sem enn er óleyst, er það ljóst að þessi samþykkt er mikilvægt spor fram á við fyrir framsækin andheimsvaldasinnuð öfl í Kalatdlit Nunat

Á Aussivik-77 að vera marx-leninisk?

Dönsku blöðin Aktuelt og Information hafa helst gefið í skyn að svo sé. En það er víðsfjarri öllum sanni. Þátttakendur í Aussivik-77 hafa hvatt aðra til að ganga inn í starfshópa þar sem marx-leninismanum er beitt á þær sérstöku aðstæður sem ríkja í Kalatdlit Nunat og til að gefa skýrslur um niðurstöður sínar á Aussivik-78 sem einn lið í dagskrá mótsins þá. Skv. upplýsingum frá þátttakendum í slíkum hópum verður þeirra starf fyrst og fremst það að útvega efni til að skýra marx-leninismann í sambandi við Kalatdlit Nunat, nám sérstaklega um stöðu Grænlands sem nýlendu og um stéttarafstæður nar auk þýðinga á marx-leniniskum fræðum.

Mörg praktísk vandamál.

Bæði Inuit AtaKatikik og þessir starfshópar munu auk pólitískra vandamála mæta mörgum praktískum vandamálum. Fjarlægðir milli bæjanna eru gífurlegar og einnig sá kostnaður og tími sem fer í að halda uppi samskiptum. Útgáfa og dreifing efnis, fjárhagserfiðleikar osfrv. gera starf hópanna mjög erfitt. Til að skilja pólitíska stöðu grænlendinga má ekki líta framhjá þessum aðstæðum.

Aussivik-78.

Það var ákveðið að Aussivik-78 skyldi haldið í Sisimut (Holsteinsborg) sem er aðalhafnarborg fyrir olíuboranirnar og einn þeirra bæja á Græn. landi sem einna auðveldast er að ferðast til. Undirbúningur og tilhögum mótsins var falin undirbúningsnefnd í samráði við Inuit AtaKatikit í Sisimut.

(þýtt úr Arbejderavisen

AUSSIVIK-77 Í K´utdligssat.

Samþykkt:

af því að:
Við grænlendingar höfum lifað sem sjálfstæð þjóð í heimskautalandi um árþúsundir, og
af því að:
Við höfum með nýtingu auðlinda þessa lands okkar, fengið bæði efnisleg og menningarleg sérkenni og styrk sem þjóð, og
af því að:
Við höfum búið í 250 ár og búum enn sem kúguð í nýlendu, og
af því að:
Við höfum í öll þessi ár nýlendukúgunar verið svipt sjálfsákvörðunarréttinum, ábyrgðinni og sjálfstæðinu og okkur hefur á allan hátt verið stjórnað og skipað fyrir pólitískt, og
af því að:
Algjör drottnun öflugs og voldugs þjóðfélagskerfis yfir framleiðslu, uppeldis-, menntunar- og menningarlegu lífi okkar hefur valdið því að siðmenningu okkar og styrk hefur hrakað, og
af því að:
Stjórnarskrá ríkisins Danmerkur og öðrum pólitískum lagasetningum er þröngvað upp á alþýðu Grænlands, þrátt fyrir einhuga andstöðu og gegn hagsmunum grænlendinga, viljum við hér með vekja athygli á, að við getum ekki þegjandi samþykkt og lögleitt þannig grundvallarlög í grænlensku þjóðfélagi, þar sem við höfum aldrei sjálf þróað þau áfram til að gilda í dag, og
af því að:
Við lítum þannig á að frumbyggjar þessa lands hafi lifað á gæðum þess, og við höfum ekki fengið hina minnstu viðurkenningu eða áhuga af hálfu danska ríkisins á þeim sögulega veruleika:
Að þetta land er okkar, og
af því að:
Sjálfsákvörðunarréttur okkar er ekki greinilega staðfestur í lagaákvæðum væntanlegrar heimastjórnar, og
af því að:
Vinnsla útlendra einokunarhringja á olíu og málmum, óháð áhrifum heimastjórnarinnar, færir menningu alþýðu okkar og framtíð grænlendinga sem þjóðar í meiri hættu en nokkru sinni fyrr, og
af því að:
Við lítum svo á að heimastjórn eigi að vera innanlandsstofnun, þar sem grænlendingar stjórni sjálfir.
Lýsum við hér með yfir og krefjumst:
1) Grænland tilheyrir grænlenskri alþýðu og hún ein hefur yfirráðaréttinn yfir öllum þess auðlindum og gæðum.
2) Alþýða Grænlands á ein að ákveða pólitískt hvernig framleiðslan, menntunin, efnahagslífið og stjórnmálin eiga að þróast á Grænlandi.
3) Strax verður að rifta samningunum um núverandi olíu- og málmavinnslu og einnig að koma í veg fyrir frekari samninga, þar sem tillit til og verndun náttúrunnar og alls lífs er óaðskiljanlegur hluti grænlensks hugsunarháttar og menningar.

Aussivik-77 hefur komist að þeirri niðurstöðu að ef færa á út ofangreinda punkta í starfi verði það að gerast með fræðslustarfssemi og samvinnu með sameiginlegt markmið í huga.

Inuit Atakatigit á fyrst um sinn að samræma starfið og þess er óskað að meðfram allri ströndinni verði stofnaðir Inuit Atakatigit hópar með sameiginlegri miðstjórn.

18.7.77



K´utdligssat

Örn Ólafsson:

Matthíasi Svarað

(innlegg í umræður um Bgh í 21, 22, 23 og 25. tbl Stéttabaráttunnar).

Í fyrra svari mínu féllu niður tvær línur í upphafi svo það varð óskiljanlegt. Svona átti það að vera: "Heldur þótti mér óvinsamlega minnst 3. þings VNÍ í 21tbl. Stb. "Eitt lík jarðað - annað grafið upp?" Þar var gefið í skyn að liðsmannasamtökin sem loks voru stofnuð upp úr VNÍ, Baráttuhreyfing gegn heimsvaldastefnu væru andvana fædd. Ekki voru þó neinar ástæður færðar fyrir þeirri hrak spá. Það er munur eða viðtökurnar sem Palestínunefndin fékk við endanlega stofnun sína í 12 og 13 tbl. Stb. henni var fagnað sem "mikilvægu spori í skipulagningu andheimsvaldabaráttunnar á Íslandi" og menn hvattir til að fylkja sér um hana. Ég tek undir þær óskir, en bendi á að þessi mikli munur á viðtökum Stb. stafar ekki af því að PLN hafi verið virkari en VNÍ og hópar hennar, það er öðru nær.

1. Mistúlkun

Ekki er að undra klofning vinstrihreyfingarinnar svo erfitt sem við virðumst eiga með að skilja hvert annað. Mikill hluti deilurita fer gjarnan í að hrekja rangfærslur og útúrsnúninga sitt á hvað. Í 25. tbl. Stb. kvartar MVS undan "gífuryrðum" mínum og "makalausum útúrsnúningum" án þess þó að tilfæra neitt dæmi. Ég er fyrir mitt leyti gáttaður á MVS að hafa það eftir mér -að því er mér skilst- að mlarar andæfi aldrei Bandaríkjastjórn nema jafn framt sé hamast gegn þeirri sovésku. Hefði hann haft tilvitnun sína í mig einni setningu lengri (ég undirstrika þá setningu núna) hefði best sést hve tilefnislaus hin heilaga vandlæting hans gegn þessarri meintu aðdróttun minni er. Ég sagði orðrétt: "Það má kannske virðast rökrétt, að ef menn fylgja risaveldakenningunni geti þeir ekki tekið þátt í neinni baráttu gegn heimsvaldastefnunni nema hún beinist gegn Sovétríkjunum. En ef betur er að gáð þýðir þetta bara að mlarar geti ekki starfað með neinum öðrum en mlurum. Sem betur fer fara þeir ekki eftir þessu ekki einu sinni MVS" Skömmu síðar segi ég að slík stefna væri "þrátt fyrir allt í æpandi mótsögn við starf Kfí/ml og Eik (ml) undanfarin ár." Það er hart ef "það litla sem eftir er af pólitísku mannorði" mínu er undir því komið hvernig MVS les Stéttabaráttuna. Ég vil nú ítreka meginhugmyndina í þessu: Fyrst KfÍ/ml og Eik (ml) segjast vilja berjast gegn bandarísku heimsvaldastefnunni, eiga þau að starfa með öðrum aðiljum sem vilja það líka. Jafnvel þó mlarar setji þennan andstæðing sem númer tvö og ég trúi ekki þeirri fullyrðingu mlara að Sovétríkin séu enn hættulegra heimsvaldaríki þá táknar þátttaka mlara í samfylkingu um þessa stefnu alls ekki að þeir hafi fallið frá sinni greiningu né áhersluröð. Þeir væru bara að taka mið af þeim aðstæðum sem þeir starfa við. Hvar ættu þeir frekar að beita sér fyrir "réttri túlkun" á heimsvaldastefnu en í andheimsvaldasinnaðri samfylkingu? Hvort samstarfið er til einstakra aðgerða eða þátttaka í samtökum til langs tíma breytir engu um þetta, það er bara spurning um hentug pólitísk starfsskilyrði. Ég lít á ástæðulausa hneykslun MVS sem staðfestingu á þessu.

Afstaðan til Sovétríkjanna

MVS heitir á alla góða menn að hjálpa mér frá villu míns vegar (sem er að standa gegn risaveldakenningunni) Hér er mér réttur litlifingur svo ég tek þakklátur höndina. Svoleiðis er að fyrir tæpu ári gaf ég út kver: Kommúnismi eða kreddutrú. Í 3. kafla þess taldi ég þau rök sem ég kunni gegn staðhæfingu mlara um að Sovétríkin séu auðvaldsríki. Séu þau rök fánýt ættuð þið að hrekja þau. Ef þið byggið skoðun ykkar á haldgóðum rökum ættuð þið nú loksins að fara að leggja þau fram. Það er nefnilega augljóst mál (enda viðurkennt af MVS í fyrri grein hans) að vinstri menn (t.d. herstöðvaandstæðingar að ég tali nú ekki um alla þá sem telja sig sósíalista) trúa því yfirleitt ekki að Sovétríkin séu heimsvaldasinnað auðvaldsríki, það er þetta sem einangrar mlara svo á vinstri væng, að til að mynda tilburðir Eik (ml) til að einangra trotskista eru hlægilegir. Það er aumlegt að ganga fram undir nafngiftinni "leninisti" til að sanna heimsvaldaeðli Sovétríkjanna með því einkum að benda á innrásina í Tékkóslóvakíu og koma með fullyrðingar um óhagstæð verslunarviðskipti ýmissa landa við Sovétríkin. Mönnum eru minnisstæð gerólík vinnubrögð Leníns er hann fjallaði um heimsvaldastefnuna



Unge tjekkere mod Sovjets indmarch i Prag 1968.

Fyrir níu árum urðu tékkar fyrir barðinu á sósíalheimsvaldastefnu Sovétríkjann. Myndin sýnir alþýðufólk í Prag mótmæla innrásinni 1968.

Hér stendur hnífurinn í kúnni. Þið eruð einangruð á vinstri væng um þessa skoðun og við því getur enginn gert nema þið sjálf. Stefnuskrá Bgh endurspeglar þessar aðstæður og ég ítreka meginatriði fyrri greinar minnar: Þegar liðsmannasamtök gegn heimsvaldastefnu fara af stað, verður stefnuskrá þeirra að gera nokkuð ljóst hvað átt er við með heimsvaldastefnu. Það væri óðs manns æði að láta það bara liggja milli hluta hvort samtökin gangi inn á risaveldakenninguna eða ekki.

Palestinunefndin og Bgh

a. MVS segir: "Formaðurinn kveður ekkert í lögum Bgh koma í veg fyrir aðild Palestínunefndarinnar. Það eru meðvituð ósannindi. Formaðurinn veit eins vel og ég að Pn.-fulltrúarnir settu það sem skilyrði fyrir þátttöku að árásir á PLO í málgagni hreyfingarinnar væru bannaðar."

Ég ítreka allt sem ég sagði um PLN og Bgh. En ég rankaði við mér þegar ég las þetta, að þvílíkar áhyggjur hefðu komið fram á þinginu. En hreinskilnislega sagt, ég hafði gleymt þeim. Það er ég naumast einn um, þær koma ekki skýrt fram í fundargerð þingsins. Hvernig er nú hægt að gleyma öðru eins og þessu? Af því að þessi hugmynd - að samstaða verði notuð til árása á PLO - er alveg fráleit. Ef ekki stendur á öðru en þessu, geri ég ráð fyrir að það yrði auðleyst, t.d. með ályktun Bgh um að ekki skuli ráðist á PLO í Samstöðu. Mættum við þá lengi gera samþykktir um sjálfsagða hluti. Þetta fer auðvitað eftir því hvað menn kalla árás á PLO, tímaritinu hlýtur að verða stjórnað af ritnefnd. Ef krafan er sú - eins og okkur heyrðist sumum á þinginu - að aldrei megi segja í Samstöðu eina setningu um Palestínu, nema PLO hafi sagt hana áður, þá er alveg á hreinu, að Bgh gengst ekki inn á neitt þvílíkt.

Á stofnþingi Bgh var vissulega gerð breyting á lögum. Það sem mlarar settu einna helst fyrir sig er þetta ákvæði 10. greinar: "Ritnefnd Samstöðu er skylt að sjá til þess að ólíkar skoðanir innan Bgh fái að koma fram." Á móti kemur í sömu grein: "Ritstjórnarstefna Samstöðu skal samræmast stefnuskrá samtakanna." Og í henni segir (2c): "Aðalverkefni Bgh eru... Stuðningur við hinar ýmsu hreyfingar sem berjast gegn heimsvaldastefnu, fasisma og kúgun, m.a. með því að kynna sjónarmið þeirra." (undirstríkun mín. ÖÓ). Ég á nú bágt með að sjá hvernig ætti að nota þetta til árása á PLO, en innan þessa ramma þarf hreyfingin að leysa vanda, sem oft getur verið erfiður. Ég vík nánar að þessu í framhaldsgrein.

b. Ég sýndi fram á það í fyrra svari mínu að eina atriði stefnuskrár Bgh sem deilt hefur verið um, hefði haldist nánast óbreytt frá upphafi Víetnamnefndarinnar 1972. En það er að nefna bandarísku heimsvaldastefnuna sem höfuðandstæðing, en minnast ekki á Sovétríkin. Þótti mér því nokkurt ósamræmi hjá mlurum að fallast á (og bera fram) svona stefnuskráratriði í VNÍ en una þeim ekki í Bgh. MVS segir: "Víetnamnefndin var fyrst og fremst stuðningshreyfing við alþýðu Indókína í stríðinu við ameríska imperíalismann. Starfsgrundvöllur hennar var afmarkaður á sama hátt og Palestínunefndin starfar eingöngu að Palestínumálinu. KFÍ/ml og KSML áður, studdi Víetnamnefndina á þeim grundvelli að í Víetnam væri höfuðóvinurinn bandaríska heimsvaldastefnan. Það segir hins vegar ekkert um hvert ástandið er á heimsmælikvarða. Grundvöllur Bgh er hins vegar annars eðlis þar sem hann er sagður byggjast á "almennri" baráttu gegn öllum birtingarmyndum heimsvaldastefnunnar".

Ekki sé ég að þetta standist. Vissulega er það rétt hjá MVS að starf VNÍ var þetta afmarkað, fram að 1976. Grundvöllurinn var það ekki. Það er nú í fyrsta lagi augljóst, að séu menn á móti bandarísku heimsvaldastefnunni í Víetnam, hljóti þeir líka að vera andvígir henni í t.a.m. Suður-Ameríku og Afríku, enda sagði í lögum VNÍ frá 1972: "Víetnamnefndin styður einnig aðrar þjóðfrelsisfylkingar, sem berjast gegn arðráni og kúgun." (þ.e. aðrar en þffVN).

Og í lögum VNÍ frá 2. þinginu 1975: "Markmið nefndarinnar eru: ...-að berjast gegn bandarísku heimsvaldastefnunni. -að styðja baráttu kúgaðra þjóða og alþýðu hvarvetna í heiminum." Það sem gerst hefur er einfaldlega það að nú erum við farin að beita okkur að þessu löngu yfirlýsta markmiði, en ekki hitt, að við höfum tekið upp baráttu gegn einhverri frumspekilegri "heimsvaldastefnu almennt", sem geti svo merkt eitt í þínum munni, allt annað í mínum. Það hefði verið stefnubreyting.

Þetta 2. þing VNÍ var haldið í september 1975 - réttum 4 mánuðum eftir að þjóðfrelsisherinn vann endanlegan sigur á leppum bandaríkjastjórnar. Eðlilega setti það sitt mark á þingið, margir voru á því að VNÍ skyldi færa út starfssvið sitt í að berjast gegn bandarísku heimsvaldastefnunni hvarvetna. Mlarar mæltu gegn þessu á þinginu - af ástæðum, sem best eru að koma fram núna - þeir vildu að VNI héldi sig við Víetnam áfram. En þeir samþykktu inntöku Afríkuhópsins um áramótin 1975-6, um líkt leyti gekk Palestínunefndin (eða undirbúningshópur hennar) inn í VNI,

PLN var þá sem nú undir forystu mlara. Var þetta ekki viðurkenning þeirra á VNI sem samfylkingu gegn heimsvaldastefnu Bandaríkjanna hvervetna? Er þá ekki fráleitt hjá MVS að segja: "má ljóst vera að stofnþing Bgh hafnaði þeim reglum er ríktu í starfi Víetnamnefnarinnar."? Meðan Palestínunefndin var í VNÍ, var ekkert í lögum hennar, sem tryggði PLO gegn árásum Samstöðu, engin krafa um slík ákvæði, þrjú tölublöð Samstöðu komu út, voru einhverjar árásir á PLO þar.

Niðurstöður

Mér sýnist nú augljóst að öll þessi barátta MVS, stórabróður & co. gegn Bgh er háð fölskum forsendum. Stefnuskrá hennar er í meginatriðum hin sama og forvera hennar, VNÍ, munurinn er sá, að það sem áður var aukaverkefni, er nú aðalverkefni, það er bara eðlileg afleiðing af framrás sögunnar. MVS staðfestir það sem allir vita, að mlarar hafa oft tekið þátt í samfylkingum sem beindust gegn heimsvaldastefnu vesturveldanna (verð ég að segja, þótt ég viðurkenni enga aðra) eingöngu, en tóku ekki afstöðu til Sovétríkjanna.

Stefnuskráin útilokar þá því ekki frekar frá starfi Bgh en VNÍ áður. Lög Bgh -liðsmannahreyfingar- eru auðvitað ólík lögum VNÍ -samstarfsnefndar ýmissa samtaka. En þessi lög eru nokkurn veginn það sem liðsmannahreyfing gegn heimsvaldastefnu þurfti (vegna þess hve löng þessi grein er orðin rökstyð ég það í sérstakri framhaldsgrein, hér tók ég aðeins það ákvæði laga, sem helst olli deilum). Því verð ég að ítreka, að ég vona, mlara sjálfra vegna, að lögin útiloki þá ekki frá starfi Bgh, ég sé ekki að þau tálmi nokkrum raunverulegum andstæðingi Heimsvaldastefnunnar starf.

Hvað veldur þá öllu þessu moldviðri? Má vera að menn hafi hlaupið a sig, mig grunar þó þetta: Þessir menn hafa ekki getað rökstutt risaveldiskenningu sína, hún finnur ekki hljómgrunn. Þá átti að finna henni skjól innihaldslauss "lágmarksgrundvallar" samfylkingar - í nafni vinstri einingar- Þótt það hefði orðið uppskrift að óstarfhæfum samtökum. Fyrst það tókst ekki, vilja þeir Bgh feiga. Hvernig væri nú að þið læsuð ykkar eigin greinar gegn samfylkingarstefnu trotskista og kynntuð ykkur hvað hugmyndaleg barátta er? Ekki þarf langt að leita, bara í helstu rit frumkvöðlanna sem prýða haus Stéttabaráttunnar.

P.S. Ég vona að orðalag mitt skiljist ekki svo að ég telji MVS talsmann allra mlara í þessu máli. Mér er vel ljóst að þar munu vera skiptar skoðanir um þessi málefni.

25-28.7. 1977.



CIA, leyniþjónusta USA, hefur staðið í skítverkum gegn alþýðunni um allan heim. En andheimsvaldasinnum hættir allt of mikið til að líta aðeins á CIA og gleyma keppinaut þeirra KGB, sem er síst betri.

Smásaga eftir Bertold Breght

Ef hákarlarnir væru menn

"Ef hákarlarnir væru menn, spurði herra K. litlu dóttur húsmóður sinnar. Væru þeir þá góðir við litlu fiskana?" "áreiðanlega" sagði hún. "Ef hákarlarnir væru menn, mundu þeir láta smíða volduga kassa handa litlu fiskunum í sjónum. Og í þeim væri alls konar næring, bæði jurtir og ýmis konar dýr. Þeir myndu gæta þess að alltaf væri ferskt vatn í kössunum og þeir mundu yfirleitt gera allar mögulegar heilbrigðisráðstafanir. Ef til dæmis einhver smáfiskur myndi meiða sig í ugga, þá myndu þeir undir eins láta gera sáraumbúðir handa honum svo hann dæi ekki frá hákörlunum fyrir aldur fram. Til þess að smáfiskarnir yrðu ekki þunglyndir, yrðu við og við haldnar miklar vatnahátíðir, því kátir smáfiskar bragðast betur en daprir. Auðvitað væru einnig skólar í stóru kössunum. Í þessum skólum mundu smáfiskarnir læra hvernig á að synda inn í gin hákarlanna. Þeir mundu til dæmis þurfa á landafræði að halda til þess að þeir gætu fundið stóru hákarlana, sem liggja einhvers staðar í leti. Aðalatriðið væri auðvitað hin siðferðilega menntun smáfiskanna. Þeim mundi verða kennt að það væri hið stórbrotnasta og fegursta í lífinu þegar smáfiskur fórnar sér með gleði og að þeir yrðu allir að trúa á hákarlana framar öðru, þegar þeir (hákarlarnir) segðust skapa fagra framtíð. Smáfiskarnir yrðu fræddir um að þessi framtíð væri þá aðeins tryggð að þeir sýndu hlýðni.

Litlu fiskarnir yrðu framar öllu öðru að gæta sín á efnishyggju eigingjörnum og marxískum tilhneigingum og tilkynna hákörlunum það þegar í stað ef einhver þeirra léti í ljós slíkar tilhneigingar.

Ef hákarlar væru menn mundu þeir auðvitað einnig heyja stríð hver við annan, í því skyni að hertaka framandi fiskikassa og framandi smáfiska. Stríðin myndu þeir láta sína eigin smáfiska heyja. Þeir myndu kenna smáfiskunum að geysilegur munur væri á þeim og smáfiskum annarra hákarla. Þeir mundu boða: "Smáfiskarnir eru mállausir eins og allir vita. En þeir þegja á mismunandi tungumálum og geta þar af leiðandi ómögulega skilið hvern annan. Sérhverjum smáfiski sem dræpi í stríðinu nokkra fjandsamlega fiska, sem þegðu á erlendum tungum, mundi hlotnast þangorðan frá hákörlunum og veitast titillinn hetja.

Ef hákarlarnir væru menn myndi auðvitað vera til list hjá þeim. Það væru til fallegar myndir og á þeim væru sýndar tennur hákarlanna í fallegum litum og gin þeirra sem reglulegir lystigarðar, þar sem hægt væri að ærslast. Leikhúsin á mararbotni mundu sýna hvernig smáfiskar synda fullir hrifningar inn í skolt hákarlanna og tónlistin væri svo falleg, að smáfiskarnir streymdu með hljómsveitina í broddi fylkingar og undir hljómum hennar, beint inn í gin hákarlanna, dreymandi og ljúflega svæfðir af hinum yndislegu þönkum.

Þarna væru einnig til trúarbrögð, ef hákarlarnir væru menn. Þau munu kenna að smáfiskarnir færu fyrst að lifa í maga hákarlanna. Ef hákarlarnir væru menn myndi það auk þess leggjast niður að menn væru jafnir eins og nú er. Nokkrir þeirra myndu fá embætti og verða settir yfir hina. Þeir sem væru svolítið stærri mættu meira að segja éta hina, sem væru minni. Það væri þægilegt fyrir hákarlana, þar sem þeir fengju þá sjálfir alloft stærri bita að éta.

Og hinir stærri, sem væru í stöðum eins og kennarar, liðsforingjar, verkfræðingar o.s.frv., munu sjá um að halda uppi lögum og reglu meðal smáfiskanna.

Í stuttu máli sagt, þá fyrst væri til menning í sjónum, ef hákarlarnir væru menn.



Hákarlar nazismans á skoðunarferð um "búr smáfiska sem þegja á öðru máli". Hitler í París.



framhald

10.000 MÖRK DAUÐUR EÐA LIFANDI

verið samferða Susanne Albrecht allt annars staðar í Þýskalandi í járnbrautarlest. Sannleikurinn um morðið a bankastjóranum virðist vera eitthvað málum blandinn eins og margt annað í lögregluríkinu þýska. Strax eftir morðið var því slegið föstu af lögreglunni að þessar fjórar konur væru morðingjarnir þrátt fyrir að sannanir væru ekki aðrar en að þær eru allar grunaðar um að vera í óleyfilegum hermdarverkasamtökum. Veggblöð hafa verið hengd upp um allt Þýskaland þar sem hverjum þeim sem getur náð konunum, dauðum eða lifandi, er boðin 20.000 mörk. Það eru ekki aðeins þessar konur sem eru eftirlýstar á þennan hátt, heldur eru það um 15 til 20 aðrir svokallaðir borgarskæruliðar. Í þessum brjálæðingslega eltingarleik þýskrar réttvísi til að koma lögum yfir þá sem taldir eru þjóðfélagslega hættulegir telur ríkið ekki eftir sér að beita öllum tiltækum meðulum. Engan ætti því að undra að sumt af þessu fólki grípi til vafasamra örþrifaráða til varnar.

FORSTJÓRI KJARNORKUVERS FREMUR MORÐ

Frá Svíþjóð berast þær fréttir að forstjóri eins af stóru kjarnorkuverum Svía hafi orðið tveimur mönnum að bana. Annar var blaðamaður sem var að skrifa um mengun frá þessu kjarnorkuveri. Hinn var starfsmaður stofnunar sem átti að sjá um mengunarvarnir. Þetta komst upp skömmu eftir að blaðamaður sem sendur var til að skrifa um geislavirkan úrgang kjarnorkuvers á Skáni hvarf. Upp um forstjóran komst vegna þess að blaðamaðurinn hafði verið með tvær myndavélar og tekið mynd af forstjóranum þegar hann elti hann þar sem blaðamaðurinn var uppi á bílastæði kjarnorkuversins. Á flóttanum missti blaðamaðurinn svo aðra myndavélina, en forstjórinn áttaði sig ekki á því og lögreglan fann síðan myndavélina undir runna skammt frá bílastæðinu. Á myndunum mátti sjá forstjórann á harðahlaupum í átt að blaðamanninum svo það fór ekki milli mála að hann hafði eitthvað átt með dauða hans að gera. Í Svíþjóð hefur verið reynt að þagga þetta mál niður, en það er víst að þetta á eftir að verða verjendum kjarnorkustöðvanna þungt í skauti.

Rauður vettvangur Frá Lesendum **Rauður vettvangur** **Rauður vettvangur** FRÁ LESENDUM.

Elvis Presley

Árósar 17/8 ´77.

Ég er að hlusta á útvarpið og í því er þáttur um Elvis Presley Mér finnst að Stéttabaráttan ætti að skrifa um hann, eins og allt annað sem fólk er að velta sér upp úr. Nú veit ég allra manna minnst um Elvis og eflaust finnast margir aðdáendur sem þekkja líf hans í smámunum. En eitt aðriði er merkilegt: Elvis var ósköp venjulegur verkamaður sem er uppgötvaður af smáplötufyrirtæki. Síðar þegar hann nær vinsældum í sínu heimafylki fara stóru auðhringirnir af stað og hann er keyptur upp. Hann er gerður að átrúnaðargoði, fyrirmynd amerískra ungmenna - "the all american boy". Hann er ekki lengur venjulegur verkamaður í Memphis í ríkinu Tennessee, hann er ekki lengur venjulegur maður með sína kosti og galla, heldur er hann gerður að ómennskri fyrirmynd. Það er ekki hann sjálfur sem ræður ferðinni, heldur eru það umboðsmaðurinn og plötuútgáfufyrirtækið sem stjórna. Í staðinn fyrir að vera bílstjóri verður hann atvinnulistamaður. Auðvitað er indælt að lifa á því að tjá sig og að vera símskapandi

En bara að það væri nú svona einfalt. Í kapitalismanum er maðurinn sjálfur, sjálfur einstaklingurinn, sem er söluvaran, hvort sem hann er listamaður eða venjulegur verkamaður. Það er ekki hann sem ræður ferðinni. Það er gróðahyggjan. Og kapitalistarnir keppast um að græða, allir vilja fá sinn bita af kökunni, - plötuútgefendur, kvikmyndaframleiðendur, útvarps- og sjónvarpsstöðvar. Allir vilja þeir græða a Elvis og ef það er ekki hann, nú þá reyna þeir bara að græða á einhverjum öðrum. Manneskjan Elvis kemur þeim ekkert við nema sem leið til auðsöfnunar. Það er púkkað upp á hann til þess að græða á honum, en þó að hann sjálfur fari í hundana kemur það þeim ekkert við.

Elvið Presley er gerður að fyrirmynd annara ungmenna. Hann verður boðberi þess að leita að sælu lífsins til Guðs. Lífið er að elskast í aftursætum dollaragrína, leita til guðs og að ganga í herinn. Hinn fyrrum uppreisnarsinnaði Elvis verður fyrirmyndar amerîkani, - draumur ameríkumannsins. Gallalaus, vinsæll og kvenfólkið þyrpist að honum eins og mý á mykjuskán. Hann er ríkur og sætur. Hann verður ímynd fyrir fátæka verkamanninn sem nær á toppinn. Og síðan getur fólk setið og látið sig dreyma: "bara að ég væri eins og hann".

Hvernig stendur á því að söluvaran Elvis Presley selst svona vel?

Í vinnunni ræður fólk ekki sjálft hvað það gerir. Það eru vélarnar og vinnuaðstaðan sem stjórna og atvinnurekandinn sem stjórnar heila klabbinu. En það er ekki nóg fyrir auðvaldið að hirða gróðan af vinnu okkar. Það vill líka græða á frítímanum. Sömuleiðis finnst þeim náttúrulega gott að geta haft nóg athvarf fyrir fólk, þar sem það gerir ekkert af sér, t.d. eins og að fara að skipuleggja baráttu. Ekki má heldur vanmeta þýðingu þess að geta innprentað fólki borgaralega lífshætti, sérstaklega þegar formið er vara sem fólk sækist eftir.

Í vinnunni seljum við okkur auðvaldinu, við erum ekki við sjálfir. Við erum það sem atvinnurekendur krefjast af okkur, en það er kannski ekki nema sömu hreyfingarnar daginn út og inn. Þar sem þetta er okkur aðgjörlega óeðlilegt leitum við út fyrir okkar aðstöðu hér og nú. Við leitum að andstæðu þess lífs sem við lifum. Þetta kann auðvaldið að notfæra sér. Á sama hátt og í vinnunni yfirdrífur það vissa þætti lífs okkar og gerir þá að söluvöru. Það er þannig sem glansfyrirmyndir eins og Elvis Presley koma til sögunnar. Þannig er t.d. ástin ekki lengur hluti af okkar daglega lífi, heldur er hún afskræmd sem söluvara, og svo má lengi upp telja.



Elvis sem venjulegur verkamaður heldur ekki út að lifa eins og "superman". Fyrirmyndin er án alls raunveruleika og innihalds. Til að geta spilað hlutverkið verður hann að dópa sig upp. Allt það sem hann gerir, gerir hann uppdópaður. Þannig fjarlægist hann sitt mannlega eðli og verður þræll dópsins, sem síðan ríður honum að fullu.

En meira að segja sem dauðum er reynt að græða á honum. Um allan hinn kapitalíska heim verður nú dustað rykið af plötunum hans og kvikmyndirnar teknar til endursýningar. Hann fær ekki einu sinni að hvíla í friði í gröfinni.





Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
29 tbl. 6 árgangur 30.8 ´77.

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Möðrufelli 15
R.

framhald af forsíðu

Hundruð verkakvenna atvinnulausar

fyrirtækið í togarakaupum, en ekki er þess getið hvernig þeir fóru nú að því að merja þær greiðslur. Í þessum aðgerðum beita einokunarhringarnir SH og SÍS fyrir sig hluta frystihúsa innan sinna vébanda, til að knýja fram auknar fyrirgreiðslur, til allra frystihúsa landsins.

Einokunarhringarnir munu örugglega greiða þeim aftur það tap, sem þau verða fyrir vegna tímabundinnar stöðvunar rekstursins.

Vopn verkalýðshreyfingarinnar gegn þessari árás eru annað hvort algjör stöðvun framleiðslunnar, þ.e. lokun frystihúsa um land allt, eða tafarlaust útflutningsbann á allar fiskafurðir. Það er eina málið sem þessir herrar skilja.

Gengisfelling - árás á samningsréttinn

Eins og að framan greinir hafa frystihúsaeigendur ekki enn bent á hvaða leið ríkisvaldið eigi að fara til að bæta hag þeirra. Í viðtölum í fjölmiðlum hafa þó meginsjónarmið þeirra komið í ljós. Ástæður fyrir lélegri afkomu telja þeir flestir vera: "rangt skráð gengi" (þ.e. krafa um gengisfellingu), hátt fiskverð, auk atriða eins og mánaðarlegt uppgjör við sjómenn, mikill launakostnaður o.fl. Kröfur um breytingar á þessum atriðum fela í sér rof á nýgerðum kjarasamningum annars vegar ASÍ og VSÍ og hins vegar sjómanna við útgerðarmenn.

Í samningi ASÍ er ákvæði um að samningar séu lausir ef gengisbreyting verði. Ýmis verkalýðsfélög hafa ítrekað það ákvæði með samþykktum um fundarhöld til uppsagnar samninga ef til gengisfellingar kæmi. Því fiskverði sem nú gildir verður ekki breytt fyrr en við næstu fiskverðsákvörðun en með lagasetningu gæti ríkisvaldið dregið stærri hlutu undan skiptum, með nýjum sjóðum, eins og vinstri stjórnin gerði á sínum tíma. Með slíkum aðgerðum eru samningar sjómanna einnig brostnir og yrði því að líta svo á að þeir séu lausir.

Ef ríkisvaldið grípur nú til gengisfellingar eða annarra árása á samningsrétt verkafólks, vegna þessa máls, verður verkafólk um land allt þegar að krefjast funda í verkalýðsfélögum sínum þar sem rædd yrði uppsögn samninga og hugsanleg verkfallsboðun.

Rvík 24.8.´77.

Eini valkosturinn til vinstri

Þrátt fyrir að Alþýðubandalagið eigi sér stefnuskrá, sem út kom 7 árum eftir stofnun þess, þar sem einarðlega er kveðið á um að flokkurinn ætli að mölva auðvaldsskipulagið á Íslandi og byggja upp sósíalískt þjóðfélag vinnandi fólks, fylgja leiðandi menn Alþýðubandalagsins og Þjóðviljinn sem þeir stjórna annarri stefnu. Sú stefna er ekki að svipta auðmenn Íslands einkaeign sinni á framleiðslutækjum þjóðarinnar sem við verkafólkið vinnum við fyrir smánarkjör og þeir hirða og njóta gróðans af, heldur er ætlun þessarra borgaralegu pólitíkusa að hreiðra um sig í þægilegum stöðum sem auðmennirnir hafa skaffað þeim, þar sem kjörin eru svo miklu betri heldur en við verkafólkið þekkjum. Ekki þarf annað en að grípa niður í leiðara Þjóðviljans miðvikudaginn 17. ágúst s.l. til að sjá óskadrauma ritstjórans um þjónshlutverk flokks síns við íslenska auðmenn og þjóðskipulag þeirra, en þar segir undir fyrirsögninni: "Eini valkosturinn til vinstri" meðal annars. "Pólitískt ofurvald fésýslumanna er óvíða í Vestur-Evrópu jafn öflugt nú um stundir og hér á Íslandi. Ástæða þessa er sú

ÞJÓÐVILJINN
Málgagn sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis.

að hvarvetna annarsstaðar í grannríkjunum njóta stjórnmálaflokkar með rætur í verkalýðshreyfingunni a.m.k. fylgis 30-40% kjósenda, og eru víðast stærsti flokkurinn í sínu landi". Hér er Kjartan Ólafsson að tala um hina stóru Evrópukommúnistaflokka sem þrátt fyrir ofboðslegt fylgi hafa ekki hróflað við auðvaldsskipulaginu í löndum sínum, heldur forystumenn þeirra þvert á móti sest í stjórnarstóla fyrir auðvaldið til að blekkja fjöldann og telja hinum trú um að nú sé verkalýðurinn við völd, þetta sé sósíalisminn. Á Ítalíu, í Frakklandi og á Spáni, þar sem þessir flokkar hafa ítök og áhrif ganga milljónir verkamanna atvinnulausir vegna kreppu auðvaldsins og iðulega

framhald á síðu 2

Mótmælaaðgerðir

28. ágúst stóðu Herstöðvaandstæðingar fyrir mótmælastöðu fyrir utan Hótel Loftleiðir. Aðgerirnar hepnuðust ágætlega þó að þær hafi verið lítið auglýstar. Það helsta sem skeði var að Magnús Þórðarson misti stjórn á skapi sínu, og var fjarlægður af staðnum. Einig var fáni NATO skorin niður. Hér á eftir fer fréttatilkynning frá Herstöðvaandstæðingum.

FRÉTTATILKYNNING FRÁ SAMTÖKUM HERSTÖÐVA-ANDSTÆÐINGA

Um þessar mundir berjast áróðursvélar hervalds og auðvalds fyrir því að hafin verði smíði á nevtrónusprengju, sem hefur þann tilgang að tortíma mannslífum og raunar öllu lífi, án þess að mannvirki bíði tjón af. Þó að sprengja þessi sé einungis afurð vígbúnaðarkapphlaupsins svokallaða þá er hún glöggt merki um það, hvert stefnir í því sérstæða kapphlaupi. Mannvirkjum auðvaldsins stendur nú ekki lengur hætta af kjarnorkustríði, drápstæknin er fullkomnuð. Vert er að benda á það að innan fárra ára munu öll helstu stórveldi hafa hliðstæðar sprengjur til umráða. Sprengja þessi er því hvorutveggja í senn, ógnun við líf og tilverurétt alþýðunnar og hvati að kjarnorkustríði auðvaldsins.

Ekki er það að undra þó talsmenn ATA (Samtök til eflingar NATO) fagni tilkomu þessarar nýju sprengju og berjist nú fyrir því í nafni vestrænnar samvinnu að smíði hennar verði hafin. Hitt þykir þó nokkuð kynlegt að þessi samtök leggja um þessar mundir aukna áherslu á mannréttindabaráttu og eflingu lýðræðis. Lýðræði og mannréttindi í skjóli hervalds sem samtökin ATA berjast fyrir bera merki um þau óheilindi sem samtökin grundvallast á. Gereyðingarvopn til sóknar heita varnarvopn til varðveislu lýðræðis og mannréttinda - sem eru fótum troðin í flestum aðildarríkjum NATO. Í þessu sambandi er vert að minnast stöðu indjána í heimalandi sínu Ameríku, stöðu katolikka á N-Írlandi, stöðu grænlendinga og færeyinga í danska heimsveldinu, reglugerð um pólitískar skoðanir í Vestur-Þýskalandi o.s.frv.

Samtök Herstöðvaandstæðinga mótmæla því harðlega fundi ATA á Íslandi og krefjast þess að herafli og hergögn verði numin brott úr landinu og að áform um smíði nevtrónusprengjunnar verði lögð á hilluna.

Ísland úr NATO-herinn burt!

miðnefnd.

Samtök Herstöðvaandstæðinga
Tryggvagötu 10
sími: 17966



Eins og margt annað fjármagnar CiA strafsemi ATA.

Verkföllin á Spáni

Í „Þjóðviljanum" 12. ágúst 1977, gat að líta litla fréttaklausu um verkföll þau sem þá stóðu yfir á Spáni, eða á „Sólar strönd Spánar" eins og blaðið orðaði það. Verkfall þetta sem var mjög víðtækt, var einkum athyglisvert, fyrir þá afstöðu sem þeir sem þarna eyddu deginum, tóku til þess. Margt, af þessu fólki gerðust þarna verkfallsbrjótar og gengu inn í störf hótelstarfsfólksins sem sjálfboðaliðar. Sýnir þessi afstaða hverskonar mórall er ríkjandi meðal ferðamanna á þessum baðströndum. Vafalaust myndi fæst að þessu fólki detta í hug að ganga í lið með auðvaldinu til þess að brjóta niður verkfall heima fyrir. Það hefur örugglega tekið eftir að þjónustufólkið á Spáni þrælar myrkranna á milli fyrir skíta laun. En hversvegna að blanda „Þjóðviljanum" inn í þetta mál. Jú, við lestur greinarinnar í „Þjóðviljanum", sem er frá „Reuter", er ekki hægt að sjá annað en „Þjóðviljinn sé bara hrifin af verkfallsbrjótunum, að minsta kosti gefur „Málgagn sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis" enga yfirlýsingu um annað álit.



Verkfalli lokið á sólarströnd Spánar

MALAGA 15/8 Reuter — Verkfalli starfsmanna á hótelum á Costa del Sol á Spáni, sem hafði þær afleiðingar að þúsundir ferðamanna urðu að sjá um sig sjálfir, lauk opinberlega í dag, en ýmsir hinna ákögustu verkfallsmanna neituðu þó að hefja vinnu á ný.

Verkfallið stóð yfir í einn sólarhring og leystust þessar vinnudeilur með því að hóteleigendur féllust á að hækka almenn laun um 5000 peseta á mánuði. Það var þó 3000 pesetum minni hækkun en verkfallsmenn höfðu krafist, og töldu því ýmsir að hún væri ekki nægileg.

Hundruð ferðamanna buðu sig fram í gær sem sjálfboðaliðar til að aðstoða hótelstjóra, sem þurftu nú að sjá einir um hótel með allt að 500 herbergjum. Hjálpuðu þessir hótelgestir við að þvo upp, bera fram mat, búa um rúm, hreinsa baðherbergi, og starfa í hótelafgreiðslum. Ekki voru þó allir ferðamenn svo hjálpsamir og færðu sumir sér þessi tækifæri í nyt til að öngla í viðbótarbita í matstofum.

Svo að segja öll veitingahús og allir barir voru lokuð á ströndinni, sem er 130 km á lengd. Verkfallið hófst fyrir tíu dögum á Norðvestur-Spáni, en það var ekki fyrr en í gær að það náði til ferðamannamiðstöðvarinnar á Costa del Sol. Þangað hefur verið metaðsókn ferðamanna í sumar vegna 20% gengislækkunar spænska pesetans.

Áskriftaherferð

Félagar og aðrir velunnarar Stéttabaráttunnar. Nú hefur Stéttabaráttan komið út vikulega í meira en hálft ár. Á þessu tímabili hefur ekki verið nein skipuleg herferð til að auka útbreiðslu blaðsins. Þesvegna hefur ritnefnd í samráði við aðrar einingar Kommúnistaflokksins, ákveðið að hefja útbreiðslu og áskriftaherferð sem standa mun til loka september.


Takmark okkar er : 200 nýir áskrifendur, og aukning lausasölu um 100 blöð á viku.

Það er óþarfi að hvetja menn til að láta ekki sitt eftir liggja, allir hljóta að sjá hve mikilvægt það er Íslenskri verkalýðsstétt og kommúnismanum að eiga góðan málsvara.

Hamarinn mun sýna aukningu lausasölunnar, frá því sem nú er. Sigðin sýnir nýja áskrifendur blaðsins.

Félagar og aðrir velunnarar blaðsins skulu póstsenda nýjar áskriftir til :

Rauðu Stjörnunnar, Lindagötu 15. Rvk. Pósthólf 1357.
Einnig má hringja í síma 27810 milli klukkan 15 og 18 .



GFRIST ÁSKRIFENDUR

Stéttabaráttan vikublað